

SAMKOMULAG
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR SAMEINADA KONUNGRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG
NORÐUR-ÍRLANDS
UM
SAMSTARF Á SVIÐI MENNTUNAR, RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR OG
GEIMVÍSINDA

Ríkisstjórn Íslands og Ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands („ríkisstjórn hennar hátignar“) og („þátttakendur“),

- **sem horfa til** viðræðna sem hafa átt sér stað á milli þátttakenda um slíkt samstarf,
- **sem viðurkenna** gildismat og hagsmuni sem þátttakendur hafa átt sameiginlega um langa hríð og þá skuldbindingu sína að styrkja tvíhliða samskipti á komandi áratug,
- **sem benda á** „Sameiginlega sýn fyrir 2030 – um að efla samstarf milli Íslands og Bretlands“ sem var undirrituð 14. maí 2020,
- **sem taka tillit til** þess fyrirkomulags sem þátttakendurnir hafa komið á og munu halda áfram að vinna að til að vernda framtíðarsamskipti sín í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópska efnahagssvæðinu (EES),
- **sem viðurkenna** mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu á sviði menntunar og við að skapa tækifæri til mannskipta, þ.m.t. hreyfanleiki námsmanna, í því skyni að efla menningarvitund þvert á menningarsamfélög og styrkja tengslin enn frekar,
- **sem viðurkenna** að alþjóðleg samvinna á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar eflir vináttubönd og skilning á milli þjóðanna og liðkar fyrir og eflir efnahagsleg og viðskiptaleg tengsl þeirra,
- **sem minna á** skuldbindingar sem hvíla á þátttakendum eins og fram kemur í markmiðum samninga Sameinuðu þjóðanna um himingeiminn¹,
- **sem veita athygli** samþykkt ríkisstjórnar hennar hátignar á lögum um geimiðnaðinn frá 2018 sem komu á fót lagaramma um eftirlit með starfsemi sem tengist geimflugi í Sameinuðu konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og gildandi umhverfislöggjöf á Íslandi, einkum lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda,
- **sem hafa hug á** að nýta sér, til gagnkvæms ávinnings, þróun geimferðaáætlunar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem veitir möguleika á nýjum og nútímalegum hliðum á samskiptum að því er varðar samstarf um alþjóðleg málefni varðandi himingeiminn.

¹ Meðal samninga SP um himingeiminn eru:

- samningur um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum (1967),
- samningur um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í himingeiminn (1968),
- samningur um alþjóðlega bótaábyrgð vegna tjóns af völdum hluta í himingeimnum (1972),
- samningur um skráningu hluta sem varpað er í himingeiminn (1975).

HAFI KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Samstarf á sviði háskóla, rannsókna og nýsköpunar

1. Þátttakendur gera sér grein fyrir og virða hlutverk samvinnu á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar við að byggja upp öflug tvíhliða samskipti og munu hvetja til frekari samvinnu á þessum sviðum, þ.m.t. á grundvelli rannsókna- og þróunaráætlana á borð við Horizon Europe. Í þessu skyni munu þátttakendurnir skiptast með virkum hætti á reynslu, upplýsingum, hugmyndum og stefnumótunarleiðum, t.d. á viðeigandi tvíhliða, svæðisbundnum og alþjóðlegum fundum, auk þess að hvetja til mannaskipta milli viðkomandi fyrirtækja, háskóla og rannsóknaraðila.
2. Samvinna milli þátttakenda verður eflað enn frekar með Chevening-styrkjaáætluninni sem er alþjóðleg námsstyrkjaáætlun ríkisstjórnar Bretlands. Þátttakendur munu í sameiningu láta áætluninni í té viðbótarfjármagn sem gerir íslenskum háskólanemum kleift að stunda nám á meistarastigi á fullum styrk í Bretlandi.
3. Til að efla hreyfanleika námsmanna enn frekar verður nýjum sameiginlegum námsstyrkjasjóði komið á fót til að styrkja háskólanema frá Íslandi sem óska eftir því að fara í nám eða þjálfun til Bretlands, styrkja vísinda- og rannsóknasamfélag þátttakenda og leggja grunn að frekara tvíhliða samstarfi á sviði rannsókna. Bretland mun annast fjármögnun námsstyrkja og starfsnáms, sem er fjármagnað að hluta, frá og með 2022, í samstarfi við Ísland, sem veitir stjórnsýslulega aðstoð. Námsstyrkir verða í boði fyrir allar námsleiðir á háskólastigi og kunna, ef við á, að vera tengdir áætlun Bretlands um starfsnám í geimiðnaðinum (SPIN) til að bjóða frekari hagnýta reynslu og ávinning fyrir háskólanema, fyrirtæki og geimvístkerfið í Bretlandi. Nákvæmt fyrirkomulag sjóðsins verður skilgreint sérstaklega, þ.m.t. umsjón með kröfum um vegabréfsáritun sem háskólanemar þurfa að uppfylla. Framlög verða endurskoðuð árlega og í samræmi við gildistíma þessa samkomulags.
4. Á árlegum samráðsveitvangi Íslands og Bretlands um háskóla og rannsóknir verður lögð áhersla á fyrirbyggjandi samstarf um mannaskipti og rannsóknir, framtíðartækifæri könnuð og leiddir saman háskólar, rannsóknastofnanir, skrifstofur, frumkvöðlar og áætlunarstofnanir, sem sýna þessu áhuga, til að hvetja til þess að settar verði fram fyrirmyndir og fyrirkomulag nýsköpunar og samvinnu vegna mannaskipta og fjármögnunar, sem byggjast einkum á áætlununum Horizon Europe, Turing og Erasmus+. Hvatt verður til tvíhliða mannaskipta milli stofnana, þ.m.t. skipta sem fram fara á grundvelli meginreglnanna um undanþágu frá skólagjöldum og mati á námseiningum, og skipta sem skapa tækifæri til námstengds starfsnáms.

2. gr.

Samstarf innan starfsemi á sviði geimvísinda

1. Til að liðka fyrir þróun geimvísinda og markaðar fyrir geimflug á viðskiptagrundvelli getur ríkisstjórn hennar hátígnar heimilað starfsemi sem tengist geimflugi sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands samkvæmt þeim skilningi sem fram kemur í þessu samkomulagi. Að því er þetta samkomulag varðar nær „yfirráðasvæði Íslands“ yfir landhelgi, sérefnahagslögsögu og loftrými Íslands.
2. Í tengslum við geimskot geimfara á vegum Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mun ríkisstjórn hennar hátígnar bjóða stuðning eftir því sem við á að því er varðar þá hagsmuni Íslands á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar er tengjast geimnum, þ.m.t. þróun og notkun búnaðar vegna gervihnatta.

3. Að því er starfsemi sem tengist geimflugi skv. 2. gr. varðar munu verklagsreglur, sem gagnkvæm sátt er um og þátttakendur setja fram skriflega, fylgja þessu samkomulagi (viðauki). Í þessum verklagsreglur er m.a. fjallað um:
 - a) afmörkun áætlaðra lendingasvæða,
 - b) umhverfisvernd, þ.m.t. tryggja að rekstraraðilar geri allar eðlilegar ráðstafanir til að forðast að brak falli á yfirráðasvæði Íslands eða, ef til þess kemur að brak falli á yfirráðasvæði Íslands, að rekstraraðilar geri allar eðlilegar ráðstafanir til endurheimta brakið,
 - c) upplýsingar í tilkynningum sem eru eða verða gefnar út til fiski- og flutningaskipa á yfirráðasvæði Íslands og
 - d) upplýsingar í tilkynningum til flugmanna (NOTAM) sem eru eða verða gefnar út til loftfara sem fljúga til eða frá eða í gegnum yfirráðasvæði Íslands sem upplýsa viðtakendur um hugsanleg áhrif geimskota; eða nægilegar upplýsingar til að gera ríkisstjórn Íslands kleift að gefa út slíkar tilkynningar.

3. gr.

Endurskoðun og breytingar

1. Þátttakendur munu endurskoða þetta samkomulag árlega.
2. Gera má breytingar á samkomulagi þessu hvenær sem er með gagnkvæmu skriflegu samþykki þátttakenda.

4. gr.

Upphafsdagsetning, gildistími og uppsögn

1. Þetta samkomulag tekur gildi á síðasta degi undirritunar þátttakenda og gildir í fimm (5) ár.
2. Þátttakendur geta ákveðið að framlengja gildistíma þessa samkomulags með skriflegu samkomulagi.
3. Hvor þátttakandi fyrir sig getur slitið þessu samkomulagi með skriflegri tilkynningu um uppsögn með a.m.k. tólf (12) mánaða fyrirvara.
4. Uppsögn þessa samkomulags hefur ekki áhrif á núverandi samstarf nema þátttakendur ákveði annað.

5. gr.

Deilur

1. Allur ágreiningur varðandi túlkun eða framkvæmd þessa samkomulags verður leystur í vinsemi með samráði á milli þátttakenda án vísunar til þriðja aðila.

Í framangreindu felst sá skilningur sem aðilar hafa komið sér saman um varðandi þau málefni sem um getur í þessu samkomulagi.

Undirritað í tvíriti á fjarfundi mánudaginn 12. júlí 2021 á ensku og íslensku og eru báðir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun þessa samkomulags skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

**Fyrir hönd ríkisstjórnar
sameinaða konungsríkisins Stóra-
Bretlands og Norður-Írlands**

Nafn:
Titill:

Nafn:
Titill:

Staður:
Dagsetning:

Staður:
Dagsetning:

VIÐAUKI

Verklagsreglur

varðandi starfsemi sem tengist geimflugi sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands

1. gr.

1. Þessar verklagsreglur koma til viðbótar samkomulagi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands („**ríkisstjórnar hennar hátignar**“) („**þátttakendur**“) um samstarf á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar og geimvísinda („**Samkomulagið**“).

2. Verklagsreglurnar eru byggðar á 3. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Í þeim eru settir fram stjórnarsýsluferlar sem gagnkvæm sátt er um og ber að fylgja í tengslum við starfsemi sem tengist geimflugi sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands.

3. Að því er samkomulagið og verklagsreglurnar varðar nær „yfirráðasvæði Íslands“ yfir landhelgi, sérefnahagslögsögu og loftrými Íslands. Afmörkun svæða, þar sem gert er ráð fyrir að brak falli á þessu yfirráðasvæði, verður tilgreind á korti sem fylgir hverri umsókn.

4. Við framkvæmd verklagsreglnanna munu samningsaðilarnir taka tilhlýðilegt tillit til núverandi skuldbindinga sinna gagnvart markmiðum eftirfarandi samninga Sameinuðu þjóðanna (samningar SP):

- samningsins um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum (1967),
- samningsins um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í himingeiminn (1968),
- samningsins um alþjóðlega bótaábyrgð vegna tjóns af völdum hluta í himingeimnum (1972),
- samningsins um skráningu hluta sem varpað er í himingeiminn (1975).

5. Starfsemi, sem tengist geimflugi og fellur undir efnisákvæði þessa samkomulags og þessara verklagsreglna, mun byggjast á lögum um geimiðnaðinn frá 2018 sem komu á fót lagaramma um eftirlit með geimflugi í Sameinuðu konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og t.d. gildandi umhverfislöggjöf á Íslandi að því er varðar yfirráðasvæði Íslands, einkum lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

2. gr.

1. Ríkisstjórn hennar hátignar getur, í samræmi við 1. mgr. 2. gr. þessa samkomulags, veitt leyfi fyrir starfsemi sem tengist geimflugi sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands.

2. Til þess að unnt sé að hefja slíka starfsemi verður utanríkisráðuneyti Íslands eða önnur lögbær yfirvöld á Íslandi að gefa út leyfi þess efnis að geimför megi nota íslenskt loftrými, sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands. Senda skal tilkynningu um starfsemi sem tengist geimflugi, sem kann að hafa áhrif á flugupplýsingasvæði Reykjavíkur, utan yfirráðasvæðis Íslands, til þess að unnt sé að gefa út viðeigandi NOTAM-tilkynningu til flugmanna, eftir því sem þörf er á.

3. Skila skal umsóknum um leyfi eftir diplómátskum leiðum til íslenskra yfirvalda, eða eftir öðrum leiðum sem gagnkvæm sátt er um, tímanlega og almennt ekki síðar en fjórum mánuðum fyrir upphafsdag verkefnisins.

4. Leyfisumsóknir geta miðað að stökum geimskotum eða röð geimskota.

5. Leyfisumsóknum munu fylgja atriði er varða:

- a) upplýsingar í tilkynningum sem eru eða verða gefnar út til fiski- og flutningaskipa á yfirráðasvæði Íslands og
- b) nægilegar upplýsingar til þess að gera íslenskum yfirvöldum kleift að gefa út NOTAM-tilkynningar til flugmanna, sem fljúga til eða frá eða í gegnum yfirráðasvæði Íslands, þar sem viðtakendur eru upplýstir um mögulega áhrif af geimskoti,
- c) upplýsingar um möguleika á að brak falli innan yfirráðasvæðis Íslands, þ.m.t. mat á magni og eðli braksins og hverjar líkur eru á því að mengandi, eitruð eða hættuleg efni lendi innan yfirráðasvæðis Íslands,
- d) eins nákvæmar upplýsingar og mögulegt er um ráðgerð fallsvæði innan yfirráðasvæðis Íslands sem koma til viðbótar kortinu sem um getur í 3. mgr. 1. gr.,
- e) upplýsingar um það með hvaða hætti gerðar verða allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að brak falli innan yfirráðasvæðis Íslands eða, ef til þess kemur að brak falli innan

yfirráðasvæðis Íslands, hvernig gerðar verða allar eðlilegar ráðstafanir til að endurheimt slíkt brak, hvers kyns upplýsingar aðrar um umhverfisáhrif af geimskotum sem teljast máli skipta og íslensk yfirvöld hafa farið fram á.

3. gr.

1. Íslensk yfirvöld munu leitast við að gefa út leyfi strax að lokinni endurskoðun sem tryggir að farið hefur verið að viðeigandi ráðstöfunum varðandi öryggi, vernd og umhverfisvernd í samræmi við íslenska löggjöf og alþjóðlegar skuldbindingar.

2. Útgáfa leyfa veltur á því hvort sendar hafi verið nægar upplýsingar í samræmi við 5. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna.

3. Íslensk yfirvöld geta veitt leyfi vegna stakra geimskota eða raðar geimskota sem kunna að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands. Ef veitt er leyfi vegna raðar geimskota skal senda íslenskum yfirvöldum tilkynningu fyrir hvert geimskot í röðinni með öllum viðeigandi upplýsingum til að gera þeim kleift að sannreyna að viðkomandi geimskot falli innan takmarkana leyfisins.

4. Heimilt er að synja um eða afturkalla leyfi til að nota íslenskt loftrými, sem kann að hafa áhrif á yfirráðasvæði Íslands, vegna staks geimskots eða raðar geimskota ef íslensk yfirvöld líta svo á að skilyrði vegna fyrri geimskota hafi ekki verið uppfyllt eða ef í ljós kemur að líkur séu á að geimskotið eða röð geimskota valdi skaða eða samrýmist ekki íslenskum lögum.

5. Ef íslensk yfirvöld hyggjast synja útgáfu leyfis eða afturkalla gilt leyfi mun utanríkisráðuneytið hafa samráð við ríkisstjórn hennar hátignar eins fljótt og unnt er með það í huga að ná gagnkvæmri sátt um niðurstöðu.

4. gr.

Verklagsreglurnar taka gildi á sama degi og samkomulagið og munu gilda út gildistíma samkomulagsins, eins og fram kemur í 4. gr. samkomulagsins.